



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1028  
komudagur 7.3.2002

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Hildar Njarðvík  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. mars 2002

Sam 093/2002 PS/sp  
Tilv.: 215,0/315

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 371. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. febrúar, var lagt fram bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 371. mál, dreifing ösku, kirkjugarðaráð o.fl.

Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á fundinum.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 371. mál



**Umsögn**  
**um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 371 mál.**

**Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 28. febrúar 2002.**

Samband íslenskra sveitarfélaga telur að frumvarpið feli ekki í sér fullnægjandi endurskoðun á IV. kafla laga um kirkjugarða greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1994, þar sem fjallað er um skyldur sveitarfélaga.

Skyldur sveitarfélaga samkvæmt lögnum eru afar óljósar, auk þess sem um er að ræða óeðlilegar undantekningar frá þeirri meginreglu laganna að tekjur af kirkjugarðsgjaldi standi undir framkvæmdum og rekstri kirkjugarða.

Á undanförnum árum hefur verið mörkuð sú stefna í samskiptum ríkisins og sveitarfélaga að saman fari frumkvæði að framkvæmd verkefna og fjárhagsleg ábyrgð og þar af leiðandi væru verkefni og fjármögnun annað hvort á verksviði ríkis eða sveitarfélaga. Þessi stefnumörkun hefur haft það í för með sér að samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga hefur fækkað verulega á undanförunum árum.

Samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu eru kirkjugarðar sjálfseignarstofnanir og til reksturs þeirra rennur tiltekin fjárhæð af óskiptum tekjuskatti. Því er eðlilegt að líta svo á að stefnumörkun um hrein og skýr verkaskipti ríkis og sveitarfélaga eigi einnig við um rekstur kirkjugarða. Ákvæði IV. kafla laga nr. 36/1994 samræmist ekki umræddri stefnumörkun. Eðlilegt er að kirkjugarðsgjald standi undir kostnaði við aðföng í girðingar, vegi og stíga kirkjugarða eins og gildir um annan kostnað við framkvæmdir og rekstur kirkjugarðs í stað þess að sveitarfélag greiði þennan kostnað. Ljóst er að það er kirkjugarðsstjórn sem tekur ákvörðun um gerð girðinga, vega og stíga. Mjög óeðlilegt er að hún geti ákvarðað hvenær og hve mikið af efni sveitarfélag skuli leggja til kirkjugarðs og sveitarsjóður beri kostnað sem af því hlýst. Nauðsynlegt er að við rekstur kirkjugarða fari saman stjórnunarleg- og fjárhagsleg ábyrgð eins og almennt gildir um verkefni ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið telur samkvæmt framangreindu að ákvæði 4. gr. frumvarpsins sé ófullnægjandi og að veigameiri breytingar þurfi að gera á þeim ákvæðum laganna sem lúta að skyldum sveitarfélaga. Verði ekki fallist á það sjónarmið er lagt til að hinn nýi málsliður, sem bætist við 2. mgr. 12. gr. gildandi laga, orðist svo: Kirkjugarðaráð og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu samþykkja viðmiðunarreglur sem samdar eru í sameiningu þar sem fram kemur hvað felist í þeirri skyldu sveitarfélaga að leggja til hæfilegt kirkjuarðsstæði, leggja til efni í girðingu og öðrum skyldum sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum.

Merking orðsins samvinna er óljós samkvæmt frumvarpinu og kemur ekki í veg fyrir að Kirkjugarðaráð geti sett viðmiðunarreglur í andstöðu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hér skal tekið fram að reglur sem settar eru



af Kirkjugarðaráði geta ekki verið bindandi gagnvart sveitarfélögum, jafnvel þótt þær séu unnar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, og eru reglurnar því réttléga nefndar viðmiðunarreglur. Í ofangreindri tillögu felst að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi ríkara hlutverki að gegna við að setja viðmiðunarreglurnar og eykur það líkur á að sveitarfélög taki mið af þeim. Í 13. gr. gildandi laga er einnig að finna óljósar skyldur sveitarfélaga. Því er lagt til að ákvæði 4. gr. frumvarpsins um setningu viðmiðunarreglna nái til laganna í heild sinni.